

# Bekkjarnámskrá 5. bekkjar

Grunnskólinn á Hólmavík

2010 - 2011

Fyrir foreldra



**Veturinn 2010-2011**

**Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson**

**Umsjónarkennari**

# Bekkjarnámskrá 5. bekkjar

## 2009 - 2010

### Bekkurinn

#### Nemendalisti

Bára Örsk Melsted  
Halldór Kári Þórðarson  
Harpa Dögg Halldórsdóttir  
Ingibjörg Jónsdóttir  
Jón Valur Jónsson  
Sigurgeir Guðbrandsson  
Sólrun Ósk Pálsdóttir

#### Kennaralisti og námsgreinar

Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson	umsjón, samfélagsfræði, heimilisfræði lífsleikni, íþróttir, val, tónmennt, tjáning, náttúrfraeði
Jóhanna Ása Einarasdóttir	enska
Hildur Guðjónsdóttir	íslenska
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	stærðfræði, danska
Lára Guðrún Agnarsdóttir	listir
Ásta Þórisdóttir	sérkennsla
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir	sérkennsla
Jóhanna Hreinsdóttir	sérkennsla

#### Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra þeirra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber.

Umsjónarkennari 5. bekkjar skólaárið 2010 – 2011 er Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson. Símaíðtalstími er á miðvikudögum kl. 11:20 -12:00. Það er líka velkomið að hafa samband utan símatíma í síma gsm 6923334 eða heima í 4511120. netfangið mitt er kolliskag@gmail.com

#### Sérkennsla og sérfræðiþjónusta.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Jóhanna Hreinsdóttir eru umsjónarmenn sérkennslunnar. Þær eru í sambandi við foreldra þeirra nemenda sem þær hafa umsjón með og umsjónarkennara.

Sérfræðiþjónusta er frá Borgarnesi og verða þeir Áspór Ragnarsson sálfræðingur og Elmar Þórðarson sérkennsla og talmeinafræðingur á Hólmavík fimm sinnum á ári. Auk þess verður að sjálfsögðu hægt að nálgast þá ef þörf krefur. Ef foreldrar hafa áhuga á þessari þjónustu er þeim bent á að ræða við umsjónarmenn sérkennslu. Fyrsta heimsóknin verður **16. september**.

# Námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefnisskrá

## Íslenska

**Yfirmarkmið:** Að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar bæði í ræðu og riti, hvort heldur sem þeir eru að gefa af sér eða taka á móti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun. Íslenska er undirstaða allra annara námsgreina og allir kennarar eru jafnframt móðurmálskennarar.

**Námsmarkmið:** Meginmarkmið með íslenskunámi í 5. bekk er að nemendur:

- auki lestarhæfni sína og geti lesið sér til gagns og gleði
- sjái kosti og tilgang þess að vanda talað og ritað mál og rækti með sér virðingu fyrir íslenska málinu
- læri undirstöðuatriði í íslenskri málfræði, málnotkun og stafsetningu
- geti tjáð hugmyndir, skoðanir sínar og tilfinningar á töluðu og rituðu máli

**Íslenska-lestur. Bókmenntir.** Markmið: Lögð verður áhersla á að nemendur:

- þjálfí skýra framsögn og upplestur.
- kynnist fjölbreyttum ritsmíðum frá ýmsum tímum sögunnar.
- öðlist færni í öflun upplýsinga úr rituðu máli og geti greint aðalatriði úr texta.
- lesi bækur sér til skemmtunar og fróðleiks

**Íslenska-ritun.** Markmið: Lögð verður áhersla á að nemendur:

- læri að setja upp texta á snyrtilegan og læsilegan hátt
- skrifi endursagnir, útdrætti auk frásagna frá eigin brjósti
- læri undirstöðureglur í stafsetningu s.s. ng – nk reglan, stór og lítill stafur, algengustu y – orð, einfaldur/tvöfaldur samhljóði
- haldi áfram þjálfun fyrri ára í skrift, þjálfun tenginga og vandaðs frágangs við alla textagerð

**Íslenska-ljóð.** Markmið: Lögð verður áhersla á að nemendur:

- æfi upplestur ljóða.
- kynnist uppbyggingu ljóða s.s. rími.
- þjálfist í túlkun innihalds ljóða.
- kunni valin ljóð utanbókar.
- semji sín eigin ljóð.
- kynnist æviágripri einstakra skálda samfara lærðu ljóði.

**Íslenska-málfræði.** Markmið: Lögð verður áhersla á að nemendur:

- þekki nafnorð og sagnorð, einkenni þeirra, kyn, tölu, fall og greini svo og tíð sagnorða
- kynnist uppbyggingu móðurmálsins í heild sinni
- öðlist leikni í ýmsum málfræðilegum vinnubrögðum
- kunni stafrófið og að raða í stafrófsröð svo og sérhljóða og samhljóða.
- vinni með andheiti, samheiti og samsett orð.

**Leiðir:** Nemendur velja sér bækur af bóksafni eða kennari útvegar bækur. Notaðir verða lestramiðar sem **foreldrar kvitta á eftir lestur nemenda** fyrir þá sem þurfa á því að halda. Nemendur eiga að lesa heima. Unnið verður með málfræði í námsbókum og ljósritum frá kennara í skóla og heima. Nemendur fá orðréttan texta til þess að skrifa upp í skóla og heima. Unnið verður með textann í kennslustundum og einstök orð skoðuð með tilliti til ritháttar. Skrifaðir verða textar eftir upplestri. Unnið verður með grundvallarreglur stafsetningar og móðurmáls. Skrifadar verða stuttar ritgerðir og unnið með helstu ritgerðarreglur. Unnið verður með nokkur vel valin ljóð, þau ýmist lærð utanbókar, ljóðalestur æfður og rýnt í innihald þeirra. Nokkur ljóðskáld verða kynnt.

**Námsmat:** Kannanir eru í íslensku af og til allan veturinn. Kennari fylgist vel með allri ritun nemenda. Hin hefðbundnu próf á hverri önn.

**Námsefni:** Ýmsar bækur af bókalista skólans. *Völusteinn*, lestrarbók. *Blákápa*, lestrarbók. *Skræða*, grunnbók ásamt *vinnubókum* 1 og 2. *Málrækt 1 verkefnahefti*. Ljósrit úr *Móðurmál 1. hefti*. *Mál til komið*, grunnbók og verkefnabók 1A. *Allt getur gerst*, hljóddiskur og vinnubók, *Réttitunarorðabók* og verkefni henni tengd. *Ritrún*. *Pristur*. *Ljóðspor og Ljóðsprotar*, valið efni. *Ljóð handa börnum*. *Skáldatal*, *Börn og ritun*, *Ritunarbókin og Finnbjörg* (handbækur). *Skrift 5*.

## **Stærðfræði.**

**Yfirmarkmið:** Að nemendur þjálfist í notkun stærðfræðinnar í daglegu lífi og stærðfræðin auki og víkki skilning nemenda á umhverfi sínu. Auk þess verði nemendur með góða grunnþekkingu á helstu sviðum stærðfræðinnar og hæfir til að takast á við frekara nám í stærðfræði.

### **Námsmarkmið:**

#### **Stærðfræði og tungumál**

- skrái niðurstöður mælinga og geri grein fyrir þeimunnlega, skriflega og á myndrænu formi
- kynnist venjum um lestur af klukku
- lesi stærðfræðitexta og geri skrá yfir hugtök sem hætta er á að ruglað sé saman
- geri grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefnis í mæltu máli
- riti greinargerð í samfelldu máli um aðferðir sínar við lausn verkefnis

#### **Lausnir verkefna og þrauta**

- temji sér að spyrja spurninga um verkefnið í því skyni að öðlast betri skilning á því
- búa til töflur
- leita að mynstri eða reglu
- giska á lausnir og prófa þær
- vinna sig til baka
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- temji sér, þegar lausn á þraut er fundin, að leita nýrra spurninga og hefja nýjar athuganir á skyldum viðfangsefnum
- fái tækifæri til að semja eigin þrautir

#### **Röksamhengi og röksemdafærslur**

- leiti mótdæma til að prófa lausnir, skilgreiningar og fullyrðingar
- æfi einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli, t.d. út frá vinnu með áþreifanlega hluti
- velji úr gagnagrunni gögn sem fullnægja tveimur skilyrðum samtímis (noti röktenginguna „og“)
- búi til einfalt reiknirit, t.d. forrit fyrir leikfang eða leiðarlýsingu

#### **Tengsl við daglegt líf og önnur svið**

- vinsi upplýsingar úr texta og setji upp dæmi
- safni gögnum um tiltekið tímabil og spái um framvindu út frá þeim
- reikni tímalengd úr áætlana- og stundatöflum
- breyti milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm og mm, kg í g og l í dl
- kynnist talnaritun á þjóðveldisöld, sögu talnaritunar, rómverskum tölum og upphafi sætiskerfis

#### **Tölur**

- noti einföld brot í daglegu starfi
- finni einingarbrota ( $1/3$ ,  $1/5$ ,  $1/10$ ) af stærðum með einum og tveimur tölustöfum og tengi við raunveruleg viðfangsefni
- mæli og lesi tugabrot með tveggja stafa nákvæmni

- kynnist hugtakinu að ganga upp í
- sannreyni að margföldun og deiling með 10 jafngildir færslu um eitt sæti í tugakerfinu
- breyti tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot
- stytti og lengi almenn brot og átti sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu
- breyti einföldum almennum brotum í tugabrot, s.s.  $1/2$ ,  $1/5$  og  $1/10$

### **Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat**

- leggi tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu og dragi tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu
- margfaldi tveggja stafa tölu með eins stafs tölu og deili í tveggja stafa tölu með eins stafs tölu
- leggi saman nokkrar þriggja stafa tölur á reiknivél og prófi svarið með námundun
- leggi saman tugabrot með einum aukastaf, t.d. lengdir mældar í cm, og finni mismun þeirra
- notfæri sér að annars vegar samlagning og frádráttur og hins vegar margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir til að prófa svör í útreikningum
- skoði hvernig tiltekna tölur raðast upp í mynstur í margföldunartöflunni og ræði hvers vegna sumar tölur koma oft fyrir en aðrar sjaldan
- margfaldi og deili í huganum innan  $10 \cdot 10$  margföldunartöflunnar
- margfaldi og deili í tveggja og þriggja stafa tölur með 10
- finni í huganum summu og mismun tveggja stafa talna í eðlilegu samhengi
- námundi allt að þriggja stafa tölur að næsta tug

### **Hlutföll og prósentur**

- beri hlutföll saman við helming
- finni 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum
- kynnist því að 50% er helmingur
- skipti áþreifanlegum hlutum í gefnu hlutfalli, t.d.2:3

### **Mynstur og algebra**

- fáist við sambærileg verkefni:
- Hver eftirtalinna hlutfalla eru minni en helmingur:  
Tveir af þremur? Tveir af fimm? Þrír af sjö?
- búi til reglur um tölur þar sem er t.d. tvöfaldað, helmingað, lagt við eða dregið frá
- setji upp graf um samband tveggja stærða og lesi síðan milligildi af grafinu
- nefni óþekktar stærðir með bókstaf, t.d. til að búa til jöfnur um einföld talnasambönd
- kynnist því að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti og deilingu, gjarnan með aðstoð reiknivélar
- fáist við sambærileg verkefni:
- Nemandi hugsar sér reglu þar sem tala er tvöfölduð og síðan einn dreginn frá. Aðrir nemendur reyna að finna regluna með því að nefna honum tölu til að beita henni á.

### **Rúmfræði**

- búi til einfaldar flatarmyndir og þrívíða hluti út frá gefnum upplýsingum og noti rétt hugtök
- velji heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd og mæli lengdir upp á millimetra
- noti  $\text{cm}^2$  rúðunet og  $\text{cm}^3$  einingarkubba til að ákvarða flatarmál og rúmmál
- noti hugtökin rétt horn, hvasst og gleitt horn, viti að rétt horn er  $90^\circ$  og að hringurinn er  $360^\circ$
- noti hnit í fyrsta fjórðungi hnitakerfisins
- spegli einfaldar flatarmyndir um ás
- finni samhverfuás í tvívíðum og þrívíðum myndum
- kynnist snúningi um punkt og því að snúningur um punkt jafngildir speglunum um tvær línur sem liggja um sama punkt
- teikni þríhyrninga með réttu, hvössu og gleiðu horni

- noti hringfara til að teikna hring og kynnist mynstrum sem myndast þegar hring er velt eftir öðrum ferlum

### **Tölfræði og líkindafræði**

- safni gögnum, flokki þau eftir tíðni og velji myndræna framsetningu
- noti hugtökin tíðni og meðaltal og reikni þessar stærðir í gefnu gagnasafni
- meti líkur út frá gefnum forsendum, t.d. þegar kúlur eru dregnar úr tilteknu safni
- skrái allar hugsanlegar útkomur á gefnum viðburði, t.d. þegar tveimur teningum er varpað

**Námsmat:** *Próf, kannanir og vinnusemi.*

**Námsefni:** *Geisli 1A og 1B. Verkefni fyrir vasareikni, Viltu Reyna? Blár, svartur, hvítur og fjólublár. Plánetubækurnar. Stærðfræði 4 B, 5A og 5B (ljósrit).*

### **Samfélagsfræði. (Íslandssaga, landafræði og kristin fræði)**

#### **Yfirmarkmið**

Samfélagsgreinarnar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi, um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta til hins stærsta. Markmið samfélagsgreina er að gera nemendann læsann á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi og að temja honum gildi sem þar ríkir samkomulag um.

#### **Markmið:**

- Að kynna nemendum jarðfræði Íslands, sögu, landshætti og atvinnulíf.
- Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á landnámi Íslands og daglegu lífi á landnámsöld.
- Að nemendur æfi sig að vinna með kortabók.
- Að nemendur kynnist hinum ýmsu trúarbrögðum heimsins og vinni ýmis verkefni tengd því.

**Leiðir:** Lestur og verkefnavinna heima og í tímum. Nemendur gera vinnubækur einstaklingslega svo og ef til vill stærri samstarfsverkefni með bekkjarfélögum. Nemendur vinna með landakort að leita og finna hinu ýmsu staði á korti.

**Námsefni:** *Landshorn á milli ásamt verkefnabók. Krisin fræði Ljós heimsins, lesbók og verkefni. Verkefni af vefnum tengd hverju tímabili fyrir sig. Snorri Sturluson – Snorra saga, lesbók og verkefni.*

**Námsmat:** Einkunn er gefin fyrir ástundun, vinnusemi og virkni í tímum, vinnubóka auk stuttra kannana og lokaprófs.

### **Náttúrufræði**

#### **Yfirmarkmið**

Fræðasvið náttúruvísinda er víðfermt og það spannar undur náttúrunnar í ótal myndum. Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Hafa ber í huga að Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og að slæm umgengni við náttúruna varðar alla jarðarbúa. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd.

**Markmið:** Meginmarkmið með námi í náttúrufræði á þessu aldurstigi er

- að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og nánasta umhverfi.
- að viðfangsefnin séu aðgengileg og vekji áhuga nemenda, en geri jafnframt raunhæfar kröfur til sjálfstæðra-og vandaðra vinnubragða nemenda.
- að nemendur geri sér grein fyrir forsendum lífs þ.e. orka, súrefni, vatn.

- að nemendur greini lifandi verur frá dauðum og hvað einkum geti skaðað náttúruna.
- að nemendur öðlist skilning á starfsemi líkamans og læri að bera virðingu fyrir líkama sínum.

**Leiðir:** Unnið verður með hvert gróðurlendi fyrir sig og öllum gróðurlendum sem finnast á Íslandi gerð skil. Fjallað er um þær plöntur, þau dýr og þá fugla sem þrífast í gróðurlendinu. Farið í vettfangsferðir tengdar verkefnum. Þegar tækifæri gefast reynt að nýta nánasta umhverfi til fróðleiks og rannsókna fyrir nemendur. Gerðar einfaldar tilraunir tengdar verkefnum. Unnið verður með líkamann og starfsemi hans. Veðurfar á Íslandi verður skoðað og farið í einföldustu hugtök veðurfræðinnar. Unnin verða verkefni ásamt því að fluttir verða stuttir fyrirlestrar og umræður.

**Námsmat:** Verkefnavinna og ástundun metin. Áfangapróf í lok anna.

**Námsefni:** **Námsefni:** *Lífriki á landi, Veður þemahefti.* Ítarefni: *Plöntuhandbókin og fuglahandbókin.* Vefefnið: *Lífsferlar í náttúrunni. Vefur veðurstofunnar og vefurinn belgingur.is.*

## **Enska.**

Kennari: Hildur Guðjónsdóttir

Tímafjöldi: tvær kennskustundir á viku.

### **Yfirmarkmið:**

Námsmarkmið 5. bekkjar í ensku er skipt í fimm þætti: hlustun, lestur, talað mál - samskipti, talað mál - framsögn og ritun.

### **Markmið:**

að nemendur:

- geti hlustað eftir aðalatriðum
- geta fylgst með í texta og lesið með
- geti skilið léttan texta
- geta lesið stuttan einfaldan texta með eða án mynda
- læri að glósa texta
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- þjálfist í að skrifa einföld orð og stuttan texta
- geti skilið létt samtöl og tekið þátt í þeim
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu
- geta tekið þátt í samskiptum við kennara og nemendur í kennslustundum geta tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum
- hafa fengið þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

### **Námsefni:**

Work out. Portfolio Build up. Ýmsir textar og verkefni af vef. Enska með gátum og skrytjum. Sögur af geisladisk. Krossgátur og annað ítarefni af Skólavef. Léttlestrarbækur á ensku. Ásamt völdu efni frá kennara.

### **Kennslutilhögun:**

Nemendur læra að lesa, glósa og þýða texta bæði heima og í skóla. Nemendur læra að skrifa einföld orð og setningar og þýða þau með aðstoð orðabókar. Nemendur læra að hlusta á texta ásamt því að skrifa algeng orð og einfaldar setningar.

### **Námsmat:**

Verkefni annarinnar verða metin. Nemendur taka próf/stöðumat í lok hvorrar annar sem gilda 50% á móti verkefnum og vinnu heima og í tímum.

## Danska

**Yfirmarkmið:** Danska er kennd í grunnskólum Íslands vegna samskipta og menningartengsla norrænna þjóða, þannig stuðlum við að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Í 5. bekk er ætlast til að nemendur geti lesið, hlustað og skilið stutta texta um efni sem þeir þekkja. Að nemendur geti tjáð sig munnlega og skriflega á skýru einföldu máli um efni sem tengist námsefninu og daglegu lífi hans.

**Námsmarkmið:** Að nemendur auki orðaforða sinn munnlega og skriflega, og nái tókum á undirstöðuatriðum dönskunnar.

**Hlustun:** Lögð verður áhersla á að nemandi:

- skilji þegar við hann er talað á einfaldri og skýrri dönsku.
- geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja svo og í upplestri í þar til gerðum hlustunaræfingum.

**Lestur:** Lögð verður áhersla á að nemandi:

- geti lesið og skilið stutta texta með algengum orðum um efni sem hann þekkir.
- geti áttað sig á megin innihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli.
- hafi notað byrjendaorðabækur.
- hafi lesið eina stutta léttlestrarbók og / eða smásögu.

**Talað mál:** Lögð verður áhersla á að nemandi:

- geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu og áhugamálum á einfaldan hátt.
- geti sagt frá og svarað spurningum úr efni sem unnið hefur verið með.
- hafi náð nokkuð réttum framburði á auðveldum og stuttum orðum.

**Ritun:** Lögð verður áhersla á að nemandi:

- geti skrifað stutta texta t.d. við mynd
- geti skrifað stutta frásögn um sjálfan sig og fjölskylduna.
- kunni að nota orðabók sér til aðstoðar.

**Málnotkun:** Lögð verður áhersla á að nemandi:

- þekki, nafnorð, óákv. gr. og ákv. gr. nafnorða., persónuorð, nútíð og þátíð helstu sagna.

**Leiðir:** Unnið verður samhliða með lestur, hlustun tal og ritun út frá námsefni og áhugamálum nem. þar sem allir eru virkir þátttakendur. Dæmi um viðfangsefni: skólinn, Danmörk, nem. sjálfir, áhugamál, fjölskyldan, töluorð, vikudagar o.s.frv.

**Námsefni:** *Ýmsar gamlar bækur og ljósrit*

**Námsmat:** Kannanir af og til.

## Tónmennt,

**Yfirmarkmið:** Tónmennt er sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt er að þroska með markvissri kennslu og þjálfun. Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni. Í tónmennt er það eitt af viðfangsefnunum að vekja áhuga, vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunnar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið.

**Markmið:** Að nemendur geti:

- aukið áhuga sinn á tónlist
- lært að njóta tónlistar og tekið þátt í skapandi starfi þar sem fléttað er saman söng og leiklist.
- fræðst um ýmis tilbrigði tónlistar og kynnst uppbyggingu hennar
- lært grunnhugtök í tónlist s.s. hryn, takt, púls.
- lært grunnhugtök í almennri tónfræði
- sungið í hóp fjölbreytt sönglög og þulur



- flutt einfalt tón og hrynmunstur
- leikið einfalt tón- og hrynmunstur
- þjálfað taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- gert sér grein fyrir og þekki mismun á tónlist s.s. hvað er rokk, blús, jazz, klassík o.fl.

**Heimanám:** Ekki er ætlast til þess að nemendur sinni að jafnaði heimanámi í tónmennt. Það getur þó verið nauðsynlegt við undirbúning t.d. á ýmsum verkefnum að nemendur afli sér upplýsinga og að þeim sé hlýtt yfir efni heima.

**Leiðir:** Nemendur fá þjálfun í söng og kennd eru lög, þulur, hrynur og helstu nótur kynntar. Farið er yfir helstu hljóðfæri o.fl. sem tengist tónlist. Leitast er við að nálgast tónlist og tónfræði í gegnum leiki, verkefni og hlustun. Lögð verður sérstök áhersla á að auka sköpunargleði nemenda þar sem þeir semja sinn eigin texta við lög og flétta saman í eina heild svo úr verði t.d söngleikur. Unnið verður út frá ákveðnu þema eða málefni.

**Námsefni:** Efni frá kennara, verkefnasafninu, Það var lagið og Tónmennt 1, 2 og 3 ásamt öðru efni sem til fellur hverju sinni s.s. í formi myndbanda, geisladiska o.fl

**Námsmat:**Í tónmennt fer fram símat og er frammistaða, framkoma og ástundun metin hverju sinni samtals 50%. Ýmis verkefni sem lögð eru fyrir gilda 20% og stutt 2 bls. Ritgerð um Hljómsveit sem gildir 30%.

## Tjáning

**Námsmarkmið:** Að nemendur

- verði færari um að flytja mál sitt fyrir aðra
- þjálfist í að vinna saman
- þjálfist í umræðum, upplestri og leikrænni túlkun
- venjist því að standa upp og tjá sig í hópi fólks

**Leiðir:** Nemendur fá ýmsar æfingar í því að lesa upp, flytja stuttar ræður, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, túlka texta, tjá sig orðalaust, fara í ýmsa leiki til að æfa samvinnu og margt fleira.

**Námsmat:** Símat, gefið fyrir þáttöku í kennslustundum, ástundun og vinnusemi.

**Námsefni:** Frá kennara, af bókasafni og úr ýmsum öðrum áttum.

**Heimanám:** Ekkert, nema þegar verið er að undirbúa sýningar eða önnur atriði til flutnings.

## Upplýsingatækni og miðlun

Upplýsingatæknin í ár verður fléttuð inn í aðrar námsgreinar og nýtt sem aðferð til að leita að efni á veraldarvefnum, vinna úr því, vinna námsefni og miðla til annarra og kynnast vinnu á gagnvirkum vefjum.

**Markmið:**

Nemendur

- læri að setja upp texta í word
- læri að vinna með myndir og setja inn í texta
- læri að leita markvisst á netinu að upplýsingum til að nýta í verkefni
- læra að búa til möppur og nota möppur í tölvum til að geyma gögn
- læri að nýta sér glærugerðarforrit til að búa til kynningarefni.
- læri að setja inn myndir og efni á vef skólans
- læri meðferð pósthrita til að hafa samskipti

**Kennslutilhögun:** Verkefnin eru ýmist unnin frá grunni eða nemendur fá hálfunnin verkefni þegar verið er að fara í ákveðna þætti. Kennslan fer fram í tölvuveru samhliða kennslu í stofu og er samþætt inn í annað nám nemenda.

**Námsmat:** Nemendur eru metnir á ýmsa vegu, öll verkefni sem nemendur

gera eru metin þar sem m.a. er tekið tillit til sjálfstæði nemenda, samvinnu í ákveðnum verkefnum, viðleitni, frumleika, hegðun og áhuga. Lögð er áhersla á ábyrgð nemenda sjálfra.

## Listir

Þrjár námsgreinar, hannyrðir, myndmennt og hönnun og smíði eru samþætt í eitt fag. Leitast verður við að samþætta verkefni á milli greina þannig að tími og efni nýtist betur og að verkefni gangi út á fleiri verkþætti og nemendur komist yfir fjölbreyttari verkefni heldur en þegar greinarnar eru aðskildar. Þrátt fyrir það eru sömu markmið í fögunum samþættum og þau voru í sitt hvoru lagi. Verkefni í listum verða oft unnin í þemum yfir ákveðinn tíma, þannig að nemendur vinna t.d. eingöngu í smíðum í mánuð og fara í textílverkefni þann næsta. Leitast er við að nemendur læri hagnýt og öguð vinnubrögð, jafnframt því að skapandi þátturinn sé sem stærstur í allri vinnu. Í samræmi við stefnu skólans í umhverfismálum verður rík áhersla á hverskonar endurnýtingu og endurvinnslu efna auk þess að notast við umhverfisvæn efni eftir því sem við verður komið. Námsmat fer að hluta fram sem símat og sjálfsmat.

## Hannyrðir.

**Yfirmarkmið:** Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirra ímyndar sem einkennir íslenska menningu. Íslenskur útsaumur, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar.

**Námsmarkmið:** Þroska og þjálf hugi og hendur barna, vekja þau til vitundar um getu sína og hæfni, sem verður þeim síðan eðlileg hvatning til frumkvæðis og sjálfstæðrar sköpunar í öllu námi. Nemandi hafi tileinkað sér þekkingu á grundvallarlögmálum hannyrða, efniviði og miðlum og færni í undirstöðuadferðum fagsins, tileigin sköpunar og skilning á handverki. Lögð áhersla á að kynna nemendum helstu áhöld sem notuð er við handavinnukennslu og að þau tileinki sér vönduð vinnubrögð og góðanfrágang.

**Námsmarkmið:** Að nemandi:

- læri að nota einfalt silkiprykk á tau
- læri sögu og hefðir við batik, og að vinna myndverk með batikaðferð.
- læri að nota hnýtingar í nytjalist
- læri einfaldan vélsaum
- læri að nota skissur í tengslum við textílverkefni.
- þjálfist í að hanna og skapa sín eigin verkefni út frá mismunandi aðferðum og efnum
- kanni og finni út möguleika ýmiskonar þráðlistar.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

## Myndmennt

**Yfirmarkmið:** Stuðlað skal að því að nemendur verði læsir á umhverfi sitt og myndmál í daglegu lífi. Þeim verði gert kleift að fást við mismunandi efni og tækni með viðeigandi vinnu brögðum. Efla skal frumleika og fegurðarskyn svo nemendur nái að þróa eigið gildismat. Nemendur fái fjölþætt yfirlit yfir listmenningu að fornu og nýju, innlenda og erlenda svo að þeir öðlist þekkingu og skilning á listarfi þjóðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Nemendum skulu kynnt lögmál og aðferðir myndlistarinnar til þess að þeir geti á agaðan hátt með stigvaxandi sjálfstæði unnið að gerð eigin myndverka.

**Námsmarkmið:** Markmið er að nemandi

- geti unnið eftir skipulögðu vinnuferli sem hefur upphaf og endi.

- geti nýtt sér í eigin sköpun, einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita og formfræði. Má þar nefna, fjölbreytileika línunnar, fjölbreytilega áferð og skala, nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn, grunnformin tvívíð og þrívíð og fleira.
- læri um sögulegt og félagslegt gildi myndlistar og kynnist myndlist frá ýmsum tímabilum sögunnar.

**Leiðir:** Unnið skal út frá forsemdum nemandans, þroska hans áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta sér myndlistarnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.

Nemendur nota fjölbreyttar aðferði og margs konar efni og liti til að gera myndverk.

Helstu verkefni vetrarins eru:

- leirmótun
- frumbyggjalist (þemaverkefni)
- olíumálun, uppstilling
- vatnslitun, haustlitir

**Námsmat:** Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

## Hönnun og smíði

**Yfirmarkmið:** Nauðsynlegt er að kenna börnum hönnun og smíði í grunnskóla í samræmi við kröfur og áherslur í verkmenntun og skapandi starfi. Smíðin þroskar verkfærni og verkunnáttuog gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Þannig er smíðin góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Í hönnun og smíði fær nemandinn þjálfun í að móta eigin hugmyndir í efnivið með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemandinn þjálfist í að nýta sér margs konar aðferir við söfnun, skoðun og greiningu og úrvinnslu hugmynda. Nemandinn öðlist þekkingu og færni í notkun, meðferð og möguleikum ólíkra tækja, verkfæra og efna. Nemendur tileinki sér ábyrga umgengni og öryggisreglur við verklega vinnu og temji sér einnig rétta líkamsbeitingu og hollustu við vinnu. Nemandi efli frumkvæði sitt, áræðni og framtak í verklegri framkvæmd, þroski með sér innra mat á notagildi hlutanna og fegurð þeirra. Nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og að ganga frá hlutum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.

**Námsmarkmið:** Nemandi geti unnið eftir hönnunarferli með áherslu á tæknilega útfærslu og virkni hlutarins. Að nemandi geti unnið eftir ferlinu þörf lausn og afurð sem fellst í því að hanna og smíða hlut sem þörf og not eru fyrir.

Að nemandi

- náí færni við tálgun í blautan við.
- læri að lóða tin.
- læri að nota helstu leðuráhöld
- læri heiti á helstu verkfærum og hugtök tengd verklegri vinnu.

**Leiðir:** Nemendur smíða hluti úr ýmis konar efnum.

**Námsmat:** Matið er byggt á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköstum.

## Heimilisfræði

**Yfirmarkmið:** Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

**Markmið:** Stefnt er að því að nemendur

- viti að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.

- geti sýnt hreinlæti í verki við undirbúning og frágang í eldhúsi, við meðferð matvæla og við máltíðir.
- geti farið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum.
- kunni að nota einföld mælitæki, s.s dl-mál, mæliskeiðar o.fl.
- hafi fengið þjálfun í að leggja fallega á borð og nota borðsiði.
- geri sér grein fyrir helstu slyshættum í eldhúsi.

**Leiðir:** Nemendur fá þjálfun í undirstöðubáttum heimilisfræðinnar, sem aðallega felst í verklegum æfingum. Gert er ráð fyrir að nemendur safni uppskriftum og skriflegum verkefnum í möppu.

**Námsmat:** Í heimilisfræði fer fram símat og er frammistaða nemanda metin hverju sinni, ásamt ástundun og framkomu.

**Námsefni:** Ljósrit frá kennara og efni úr ýmsum áttum.

## Íþróttir

**Yfirmarkmið í skólaíþróttum:** Á þessum aldri er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisl hvers nemanda. Hér eru lærð undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Byggt er ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum.

**Yfirmarkmið í sundkennslu:** Í 5.-7. bekk er megináherslan á færniþætti og grunnkennslu helstu sundtaka. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur í þessum bekkjardeildum mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Byggt er ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem aðlögun, samhæfing hreyfinga í vatni og kennslufræðileg nálgun með leik eru meginmarkmið kennslunnar.

**Markmið:** Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist grófhreyfingum, flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu, samsettum æfingum og undirstöðuatriða a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttum. Nemendur taka þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunnar. Stefnt er að því að efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð. Í sundi þjálfast nemendur í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga og fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringu-, skólabak-, skrið- og baksundi, einnig er farið í undirbúningsæfingar fyrir flugsund.

**Leiðir:** Til að ná þessum markmiðum þá verður farið í ýmsa leiki og gerðar æfingar, s.s. eltingaleiki, boltaleiki (t.d. fótbolti og körfubolti), bandý, boðhlaup, hringþjálfun, fimleikar, frjálssar o.fl. Í sundi verður farið í leiki eins og boðsundsleiki, eltingaleiki, boltaleiki, kaffleiki o.fl.

**Námsmat:** Í formi einkunnar í lok vetrar, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Í lok sundnámskeiðs er ætlast til þess að nemendur í 5. bekk geti: a) 75 m bringusund. b) 25 m skólabaksund. c) 25 m skriðsund með sundfíti. d) 12 m baksund. e) Stunga af bakka. f) Hlutur sóttur á 1-2 m dýpi eftir þriggja metra kafsund. g) Troða marvaða í 20-30 sek.. h) 10 m flugsunds- fótatök með eða án hjálparkækja. i) Sund í fötum.

## Ýmsar upplýsingar

### Námsmat.

Einkunnakvarðinn er frá 1,0 til 10,0 í heilum og hálfum tölum. Gefin er prófseinkunn og starfseinkunn.

Formleg próf eru í lok hverrar annar í nóvember, febrúar og maí.

Samræmt próf í íslensku verður 17. september 2009.

Samræmt próf í stærðfræði verður 18. september 2009.

Niðurstöðum úr könnunum verður komið til skila í samskiptabókum og foreldraviðtölum.

### **Heimanám.**

Hafið hugfast að námsgengi nemenda ræðst ekki síst af eftirliti foreldra með heimanámi og ástundun og aðstoð eftir því sem þörf krefur. Námið er samvinna nemandans, foreldra og kennara, góð samvinna og gagnkvæmur skilningur er oftast forsenda fyrir góðum námsárangri.

Ágætu foreldrar, ef eitthvað má betur fara í skólastarfi barna ykkar endilega hafið samband og látið mig vita. Þið þekkið líðan barna ykkar best auk þess getur margt farið fram hjá kennara sem þarf að sinna mörgum sálum.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf í vetur.

Kolbeinn Skagfjörð Jósteynsson

[kolliskag@gmail.com](mailto:kolliskag@gmail.com)

s: 451-1120 og 6923334